

Staðgreiðsla 2005

Skatthlutfall staðgreiðslu er 37,73%

Skatthlutfall í staðgreiðslu 2005 verður 37,73%. Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 1990 eða síðar, verður 6% af tekjum umfram frítekjumark.

Persónuafsláttur á mánuði er 28.321 kr.

Persónuafsláttur ársins 2005 er 339.846 kr. eða 28.321 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2005 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður kr. 28.321
- Ef launatímabil er hálfur mánuður kr. 14.160
- Ef launatímabil er fjórtán dagar kr. 13.035
- Ef launatímabil er ein vika kr. 6.517
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 339.846 X dagafjöldi launatímabilsins
365

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Pegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota allann þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 768 kr. á dag.

Frítekjumark barna er 96.125 kr.

Börn sem fædd eru 1990 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á tekjuárinu fá ekki persónuafslátt. En fyrstu 96.125 kr. af tekjum þeirra eru ekki skattlagðar. Af því sem fer umfram þessa fjárhæð á árinu 2005 reiknast 6% skattur. Á skilagreinum og sundurliðun RSK skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna lífeyrissjóðs er 4% af launum og allt að 4% viðbótarfrádráttur

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 5,73%

Tryggingagjald er 5,64%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 5,73%. Af launum sjómanna [á fiskiskipum] greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 4,99%
- Atvinnu-tryggingagjald 0,65%
- Tryggingagjald alls 5,64%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,04%
- Markaðsgjald 0,05%
- Samtals til staðgreiðslu **5,73%**

- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum] 6,38%

**Rafræn skil
á staðgreiðslu,
sjá rsk.is/vefskil**

*Ríkisskattstjóri og starfsfólk hans óskar launagreiðendum
öllum árs og friðar og þakkar samstarfið á liðnu ári*

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í þessu dæmi sem tekið er hér eru heildarlaun fyrir einn mánuð kr. 200.000. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða kr. 8.000 (sbr. þó heimild til viðbótar frádráttar, sjá bls. 1). Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til staðgreiðslu	kr.	192.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 37,73%
Reiknuð staðgreiðsla	kr.	72.442
Frá dregst persónuafsláttur	kr.	28.321
Staðgreiðsla	kr.	44.121

Noti maður skattkort maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem kortið veitir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofsjóði.

Í dæminu hér að framan voru heildarlaun kr. 200.000. Við það bætist mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 7% af kr. 200.000 eða kr. 14.000. Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til tryggingagjalds	kr.	214.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 5,73%
Tryggingagjald o.fl.	kr.	12.262

Dæmi um útfyllta skilagrein

RSK		Staðgreiðsla opinberra gjalda		GÍRÓ-SEÐILL	
		Skilagrein vegna launagreiðslna		S 5	
Kennitala 440469-4469		Greiðslutímabil 01 2005		KR	
Nafn - heimili - pósthóð launagreiðanda Gjafavöruverslunin ehf. Laugavegi 202 0000 100 Reykjavík sk00		A Samtals skilaskyld staðgreiðsla og tryggingagjald		56.383	
Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.		B Skilaskyld staðgreiðsla af greiddum launum		44.121	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirgigjandi gögn.		C Skilaskyld staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi			
13. 2. 2005 Dagsetning		D Tryggingagjald		12.262	
Björn Björnsson Undirskrift		E Heildarfjárhæð greiddra launa		200.000	
Tilvisunarnúmer		F Fjárhæð reiknaðs endurgjalds			
Seðilnúmer		A+B+C+D+E+F Samtala til vélrænnar afstemmingar fyrir móttakanda		312.766	
FI		Engin laun greidd á tímabilinu <input type="checkbox"/>		Frumrit eintak skattstjóra	
Stofnun-Hb		Reikn.nr.		Upphæð kr.	